



Alþingi
Erindi nr. P 123/1030
komudagur 22.2.1999

LÖGFRÆÐISKRIFSTOFA ATLA GÍSLASONAR hrl., sf.

SÍMBRÉF

DAGS: 20. febrúar 1999.

BRÉFASÍMI: 5620610

MÓTTAKANDI: Allsherjarnefnd Alþingis, b.t. Sólveigar Pétursdóttur.

EFNI: Fréttatilkynning um frumvarp til skaðabótalaga - athugasemdir
fimm lögfræðinga.

SENDANDI: Atli Gíslason, hrl.

SÍÐUFJÖLDI MEÐ FORSÍÐU: 3

TEXTI:

Hjálagt sendi ég þér fréttatilkynningu - athugasemdir sem undirritaður, Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., Sigurður G. Guðjónsson, hrl., Viðar Már Matthíasson, prófessor, og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hafa samið í tilefni af frumvarpi til skaðabótalaga og athugasemdum sem ASÍ hefur gert við frumvarpið. Við fimmmenningarnir gerðum á sínum tíma alvarlegar athugasemdir við skaðabótalög nr. 50/1993, einkum út frá því að löggin tryggðu tjónþolum ekki fullar bætur. Höfum við síðan barist fyrir réttarbótum og fullum bótum til tjónþola sem við teljum að frumvarpið tryggi. Það er fagnaðarefni.

Með bestu kveðju,

Atli Gíslason, hrl.

Frumvarpið tryggir fullar bætur

Á árinu 1993 bentum við undirritaðir 5 lögfræðingar á annmarka á skaðabótalögum nr. 50/1993, sem öðluðust gildi 1. júlí það ár. Síndum við fram á að ákvæði laganna væru fjarri því að tryggja tjónþolum fullnægjandi skaðabætur fyrir líkamstjón, sem skerti starfsorku þeirra. Allt frá þessum tíma hafa legið fyrir kröfur um að úr þessum afdrifaríku annmörkum laganna yrði bætt, þannig að tjónþolum yrðu tryggðar fullar bætur fyrir fjártjón sitt. Lagfæring var gerð á árinu 1996, en hún var fjarri því að vera fullnægjandi.

Nú liggur fyrir Alþingi lagafrumvarp um breytingu á skaðabótalögnum, sem að okkar mati bætir úr þessum alvarlegu annmörkum. Við teljum afar brýnt að þessar þýðingarmiklu réttarbætur fái afgreiðslu á því stutta þingi sem nú situr og þannig verði bundinn endi á réttarástand sem með öllu hefur verið óviðunandi fyrir það fólk sem sækir skaðabætur fyrir missi starfsorku sinnar á hendur bótaskyldum aðila.

Á síðustu dögum hefur komið fram andóf við því frumvarpi sem fyrir liggur vegna þess að þar er gert ráð fyrir frádrætti frá skaðabótum vegna hluta þeirra bóta sem slasaður fær úr lífeyrissjóði, þ.e.a.s. þeim hluta sem nemur mótframlagi vinnuveitanda í sjóðinn. Til sögunnar hafa einnig verið nefndar bætur úr sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga, sem talið er að einnig eigi að koma til frádráttar. Um þetta er það að segja, að bætur úr sjúkrasjóðunum skipta hér engu máli, þar sem launþegar njóta þeirra ekki í tilvikum, þar sem þeir eiga skaðabótarétt á hendur bótaskyldum aðila. Örorubætur úr lífeyrissjóðum koma því aðeins til að varanleg örorka sé mikil, oftast 50% eða meiri. Við teljum ekki óeðlilegt að taka að hluta tillit til slíkra greiðslna við ákvörðun skaðabóta. Skal bent á að fyrir gildistöku skaðabótalaganna 1993, þegar dómsframkvæmd gekk út á að bæta fjártjón að fullu, voru bætur einatt lækkaðar í tilvikum, þar sem tjónþoli naut bóta úr lífeyrissjóðum. Má segja að eftir að aðild að lífeyrissjóðum er orðin lögskyld hjá öllum starfsstéttum sé ekki óeðlilegt að líta á þetta kerfi sem samtryggingarkerfi með annars konar eðli en váttryggingar sem einstaklingar kaupa sér sjálfir, og því sé réttlætanlegt að beita hér frádrætti að hluta svo sem frumvarpið ráðgerir. Aðalatriði málsins er að frumvarpið tryggir tjónþolum fullar bætur fyrir fjártjón sem þeir verða fyrir í slysum. Þeir tjónþolar sem slasast mikið og njóta bótaréttar úr lífeyrissjóði munu fá fullar fjártjónsbætur. Að auki munu þeir fá bætur úr lífeyrissjóði sínum sem nemur þeirra eigin framlagi til hans.


Með vísan til þessa hvetjum við alþingismenn til að taka höndum saman og afgreiða sem fyrst þetta mikla hagsmunamál almennings í landinu. Þar með verður eftir langa baráttu bundinn endi á réttarástand sem ekki hefur verið sæmandi og hefur staðið allt of lengi.

Reykjavík 20. febrúar 1999


Atli Gíslason hrl.


Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.


Sigurður G. Guðjónsson hrl.


Viðar Már Matthíasson prófessor


Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.